

From: [Heilbrigðiseftirlit](#)
To: [Óskar Ísfeld Sigurðsson](#)
Subject: FS: UMH21030131 Undanþága á starfsskilyrði fyrir gististaði. Óskað eftir umsögn.
Date: fimmtudagur, 25. mars 2021 10:03:13
Attachments: [Umsókn til Umhverfisráðuneytisins. Loft.Hundar velkomnir.pdf](#)
[image001.jpg](#)
[image002.jpg](#)
[image003.jpg](#)
[image004.jpg](#)

Frá: Sigurbjörg Sæmundsdóttir <sigurbjorg.saemundsdottir@uar.is>

Sent: miðvikudagur, 24. mars 2021 17:43

Til: ust@ust.is; Heilbrigðiseftirlit <heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is>

Afrit: aron.johnnsson@reykjavik.is; Gunnar Alexander Ólafsson

<gunnar.olafsson@umhverfisstofnun.is>

Efni: UMH21030131 Undanþága á starfsskilyrði fyrir gististaði. Óskað eftir umsögn.

Meðfylgjandi erindi Farfulga ses og Loft er hér með sent Umhverfisstofnun og Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur til umsagnar. Í erindinu er sótt um undanþágu frá starfsleyfi um að ekki megi hleypa hundum inn í húsrými gististaða. Farfuglar ses og Loft hafa hug á að leyfa hunda á kaffihúsi gistihússins.

Samkvæmt 4. ml. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er er áðherra heimilt, ef ríkar ástæður mæla með því og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi.

Óskað er eftir að umsögn berist ráðuneytinu eigi síðar en 13. apríl nk.




Sigurbjörg Sæmundsdóttir, deildarstjóri / Head of Division

Skrifstofa umhverfis og skipulags / Department of Environment and Spatial Planning
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið / Ministry for the Environment and Natural Resources
Skuggasund 1, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8600
www.umhverfisraduneyti.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

Mynd fjarlægð af sendanda.



Góðan dag,

Meðfylgjandi er umsókn okkar Farfugla um undanþágu á starfsskilyrði fyrir gististaði.

Með ósk um góð viðbrögð og skjóta afgreiðslu.

Warm regards / Bestu kveðjur

Sigríður Ólafsdóttir

COO | Rekstrarstjóri

HI ICELAND |Tengd myndFarfuglar ses
Sundlaugavegur 34 | 105 Reykjavík | ICELAND
Mobile: +354 8989372 | Email: sirra@hostel.is

Affiliated with Hostelling International, a network of 4000 HI Hostels in 80+ counties.
HI Iceland Mission: 'to support sustainable and responsible tourism as well as cultural diversity' Book your adventure in Iceland at www.hostel.is

(See attached file: image001.png)(See attached file: image002.jpg)(See attached file: Umsókn til Umhverfissráðuneytisins. Loft.Hundar velkomnir.pdf)

Umhverfis og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Efni: Undanþága á starfsleyfisaskilyrði fyrir gististaði.

Farfuglar ses. Kt 470312-1060 sækir um undanþágu á starfsleyfisaskilyrði fyrir gististaði, gistiskála (Samræmd starfsleyfisaskilyrði vegna hollustuhátta, sbs lög nr 7/11998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum), efnisatriði nr 1.6. (Rg 941 2002, 14.gr), þar sem segir:

Hundum, köttum eða öðrum dýrum má ekki hleypa inn í húsrýmið, undanskyldir eru hjálparhundar fatlaðra.

Farfuglar ses sem reka Farfuglaheimilið Loft í Bankastræti 7 í miðborg Reykjavíkur, óska eftir að fá undanþágu frá ofangreindri reglugerð í rekstri kaffihússins og bars á Loft.

Rökstuðningur.

Kaffihúsið og barinn á efstu hæð Farfuglaheimilisins er mjög vinsæll meðal Íslendinga og við viljum koma til móts við þá gesti kaffihússins sem kjósa að koma með hundinn sinn með sér.

Hundaeign landsmann hefur aukist undanfarin á og viljum við bjóða hunda velkomna með eigendum sínum til að setjast niður inn í takmörkuðum hluta hostelsins.

Aðstæður og skilyrði yrðu eftirfarandi:

Aðalinngangur inn á Loft er af götu og beint upp á efstu hæð með lyftu og stigagangi þar sem kaffihúsið og móttaka er. Ekki er gengið í gegnum ganga með gestaherbergjum.

Hundar yrðu ekki undir neinum kringumstæðum leyfðir inn í gestaherbergjum á gistihæðum né inn á svæði þar sem matvæli eru tilreidd, meðhöndluð eða geymd.

Hundar skulu vera í taumi.

Þrifaáætlun gerir mið af því að hundar eru leyfðir á kaffihúsinu. Vatnsdallar eru merktir og þrífir skv áætlun. Markaðssetning og upplýsingar á heimasíðu munu gera grein fyrir að hundar séu velkomnir á kaffihúsið, ekki gistirýmið.

Kynning við innganga mun sýna að hundar eru leyfðir á kaffihúsinu.

Með von um jákvæðar undirtektir og skjóta afgreiðslu.

Virðingarfyllst



Sigríður Ólafsdóttir,
Rekstrarstjóri Farfugla ses og Loft

Nánari upplýsingar veitir undirritaður í síma 8989372 og sirra@hostel.is



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. apríl 2021
Tilvísun: 2021040061

Efni: Svar við umsagnabeiðni Umhverfis-og auðlindaráðuneytis dags 24. mars 2021 um umsókn Farfugla ses. (Farfuglaheimilið Loftið) um undanþágu á starfsleyfisskilyrðum fyrir gististaði, gistiskála.

Í umsagnarbeiðninni kemur fram það mat ráðuneytisins að verið sé að sækja um undanþágu frá starfsleyfisskilyrðum og ákvæðum reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti. Ráðuneytið metur það svo að sótt sé um undanþágu frá ákvæði 19. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti og undanþágu frá starfsleyfi hvað varðar það ákvæði að óheimilt sé að fara með hunda inn á gististaði í flokki II, III og IV. Farfuglaheimilið Loftið hefur starfsleyfi frá heilbrigðiseftirlitinu í Reykjavík sem gististaður (gistiskáli) með veitingum (bar og kaffihús).

Með umsagnarbeiðninni fylgdi með erindi Farfugla ses.

Óskað er eftir umsögn Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur um að hundar verði heimilaðir á:

1. Farfuglaheimilinu Loftinu að Bankastræti 7, 101 Reykjavík

Erindi fyrirtækisins varðar beiðni um að gestir, sem að þess kjósa, fái að hafa með sér hunda á kaffihús og bar Farfuglaheimilsins Lofts á efstu hæð gistiskálans. Þar kemur einnig fram hvaða skilyrði gistiskálinn mun setja vegna þessa. Einnig koma fram upplýsingar um fyrirkomulag er þetta varðar á ofangreindum gistiskála.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gerir ekki athugasemdir við erindið en bendir á eftirfarandi atriði sem það leggur til að Farfuglaheimilið Loft þurfi að uppfylla verði undanþága veitt:

- Mikilvægt er að Farfuglaheimilið Loft fylgi eftir skilyrðum sem tilgreind eru í erindinu.
- Þrifaáætlun gistiskálans þarf að taka mið af því að hundar séu leyfðir á efstu hæð gistiskálans og tryggt að framkvæmd þrifa séu í samræmi við hana, þá sérstaklega lyfta og stigagangur upp á efstu hæð.
- Í markaðssetningu Farfuglaheimilisins Lofts, sem og á heimasíðum þess komi fram að hundar séu leyfðir í takmörkuðum hluta gistiskálans (kaffihús og bar) svo gestir geti tekið upplýsta ákvörðun áður en þeir panta gistingu.
- Aðrir gestir séu upplýstir um að það hundar séu leyfðir í gistiskálanum á sýnilegan hátt við innganga þess.
- Farfuglaheimilið Loft er ábyrgt gagnvart öðrum gestum valdi hundur skaða á þeim eða eigum þeirra.

- Tryggja þarf að ekki sé verið að fara með hunda um gistiskálann nema stystu leið á kaffihús og bar og þeir sé hafðir þar og að ekki sé verið að fara með þá annað um gistiskálann.
- Setja þarf upp sýnilegar umgengnisreglur fyrir viðskiptavini með hunda á kaffihúsinu og bar ásamt heimasíðu.

Þá bendir Heilbrigðiseftirlitið á að samkvæmt samþykkt um hundahald í Reykjavík. nr. 478/2012 er kveðið á um að ábyrgðarmaður hunds skuli hafi náð 18 ára aldri. Hann ber ábyrgð á hreinlæti í tengslum við hundinn og ber að hreinsa upp eftir hann sé þörf á því og að grípa til aðgerða sé þess þörf til að tryggja öryggi annara gesta eða hunds. Hundur má aldrei vera laus.

Virðingarfyllt
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur



Aron Jóhannsson
Heilbrigðisfulltrúi